

L Ö G

um breyting á lögum nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði,
sbr. lög nr. 33 26. apríl 1963.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 124. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ákvæði 1. málsgreinar um fjarlægðir eiga ekki við, þegar manni er stefnt til að bera vitni fyrir erlendum dómstóli samkvæmt lögum um norræna vitnaskyldu.

2. gr.

Við 135. gr. laganna, sbr. 16. gr. laga nr. 33 1963, bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Þegar manni er stefnt til vitnisburðar samkvæmt ákvæðum laga um norræna vitnaskyldu, ákveður dómari vitnaþóknun samkvæmt reglum, sem dómsmálaráðherra setur.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 31. maí 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

L Ö G

um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að stuðla að viðgangi og hagkvæmustu nýtingu fiskstofna innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi.

2. gr.

Í fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er ákveðin í reglugerð nr. 299 15. júlí 1975, skulu erlendum skipum bannaðar allar veiðar samkvæmt ákvæðum laga nr. 33 19. júní 1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi.

Íslenskum skipum eru bannaðar veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni, nema þar sem sérstakar heimildir eru veittar til slíkra veiða í lögum þessum.